

Ísgöng ehf.  
Viðarhöfða 1  
110 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Snæfellsbær 5. ágúst 2016  
UST201603-227/B.R.  
09.07.01

### Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - ísgöng á Geitlandi

Umhverfisstofnun hefur móttækið erindi Ísganga ehf. dags. 9. júní 2016, vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan friðlandsins Geitlands.

Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins Geitlands er háð leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 1 gr. reglna í auglýsingu um friðlandið, sem birt var í Stj.tíð B nr. 283/1988.

#### Lýsing framkvæmdar:

Óskað er eftir leyfi til að stækka bílaplan innan lóðamarka fyrirtækisins á Geitlandi um helming eða úr 50x70m<sup>2</sup> í 100x140m<sup>2</sup> sbr. mynd er fylgdi umsókn. Þörf er á stækkun bílastæðis vegna fjölgunar gesta og til að tryggja öryggi. Mikilvægt er að stór ökutæki þurfi ekki að bakka á planinu líkt og tekið er fram á deiliskipulagi. Einnig er óskað áframhaldandi leyfis fyrir bráðabirgðaaðstöðu fyrirtækisins sem samanstendur af u.þ.b. 70m<sup>2</sup> þjónustuhúsi, salernum og palli. Einnig óskaði fyrirtækið að stofnunin fjalli um fyrirhugaðar breytingar á meðferð og geymslu eldsneytis á svæðinu en fyrirtækið óskar eftir að fá heimild til að geyma allt að 7000 L af olíu á svæðinu.

#### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun gaf út tímabundið leyfi til eins árs í fyrra vegna bráðabirgðaaðstöðunnar. Líkt og í fyrra leyfinu telur stofnunin að sökum þess að um bráðabirgðaaðstöðu sé að ræða, sé rétt að við framkvæmdir verði við það miðað að ekki verði varanleg röskun á jarðminjum, gróðri eða dýralífi. Leyfið felur því ekki í sér vilyrði um að stofnunin samþykki að varanleg aðstaða verði á umræddu svæði í framtíðinni. Umhverfisstofnun telur rétt að veita leyfið til eins árs frá dagsetningu leyfisins. Það sem ræður gildistíma bráðabirgðaleyfisins er m.a það að framtíðarsýn fyrirtækisins liggur ekki fyrir.

Umhverfisstofnun fer fram á að geymsla á olíu sé í samræmi við gildandi deiliskipulag og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Núgildandi starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands er m.a. byggt á núgildandi deiliskipulagi og skv. því er leyfilegt að geyma 500 L af olíu á svæðinu að hámarki. Breyting á deiliskipulagi svæðisins þarf að liggja fyrir. Einnig þarf að liggja fyrir niðurstaða Skipulagsstofnunar um hvort geymsla eldsneytis á svæðinu sé matsskyld eður ei en geymsla á jarðefnaeldsneyti ofanjarðar á verndarsvæðum er nr. 3.19 í B-flokki 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum.

Með vísun til þess sem að framan segir telur Umhverfisstofnun að stækkun bílastæðis og áframhaldandi bráðabirgðaaðstaða fyrirtækisins á Geitlandi muni ekki rýra gildi friðlýsta svæðisins og samþykkir fyrir sitt leyti hvoru tveggja.

### **Skilyrði**


Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir stækkun bílastæðis og áframhaldandi bráðabirgðaaðstöðu fyrirtækisins á Geitlandi að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:


- Öllu raski við framkvæmdina verði haldið í algeru lágmarki.
- Að framkvæmdin muni ekki valda varanlegri röskun á jarðminjum, gróðri eða dýralífi.
- Allt sorp og allur úrgangur sem til fellur verði fjarlægður jafnóðum af svæðinu.
- Óheimilt er að leggja bílum utan við afmarkað svæðið.
- Tilkynnt verði til Umhverfisstofnunar þegar framkvæmdir hefjast og þegar þeim lýkur.
- Framkvæmdaraðili skuldbindur sig til að vinna með Umhverfisstofnun við að sporna við utanvegaakstri á svæðinu m.a með eftirliti og uppsetningu skilta þar sem fólki er bent á að akstur utan vega er bannaður.
- Að framkvæmdaraðili hafi öll tilskyld leyfi áður en framkvæmdir hefjast svo sem hjá landeiganda, sveitarfélagi og viðkomandi heilbrigðiseftirliti.
- Tilkynna ber Umhverfisstofnun um frávik, ef einhver verða, frá ofangreindri verklýsingu.

### **Eftirlit**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 kr/klst.

Virðingarfyllt

  
Kristín Linda Arnadóttir  
Forstjóri



Birna Heide Reynisdóttir  
Sérfræðingur